

Nettengd Biblía fyrir börn kynnir

Guð reynir
trú og hlýðni
Abrahams



Höfundur: Edward Hughes

Myndskreytingar: Byron Unger; Lazarus

Aðlaggað af: M. Maillot; Tammy S.

Þýðandi: Práinn Kristjánsson

Framleiðandi: Bible for Children
www.M1914.org


©2010 Bible for Children, Inc.

Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta
þessa sögu, en ekki selja.



Nótt eina
fékk Abraham
undarleg
fyrirmæli
frá Guði.





Hann reyndi
Abraham til að
sjá hvort hann
elskaði son sinn
Ísak meira en

hann
elskaði Guð.



"Tak þú son þinn
Ísak, og fórnaðu
honum sem
brennifórn,"
sagði Guð.



Fórna Ísak? Fórna
syni sínum? Þvílík
fyrirskipun.
Abraham
elskaði son
sinn.




En Abraham hafði
lærst að treysta
Guði þótt stundum
hann ekki skildi.



Árla morguns
lagði hann af
stað með Ísak og
tvo ...



... fylgdarmenn
áleiðis til
fórnarfjallsins.



Áður en hann lagði af stað
til Móríafjalls,
klauf Abraham
brennivið til
fórnarinnar.



Hann var
ákveðinn
að hlýðnast
Guði.



Eftir þriggja daga
ferð náðu þeir
til fjallsins.





Ísak sagði við
fylgdarmenn sína,
"Bíðið hér á meðan
við Ísak förum

til að dýrka

Drottinn,
svo komum við
til baka."




Ísak hélt á
brennivíðnum
en Abraham
tók


eldinn og
hnífinn.



"Hvar er lambið til
brennifórnarinnar?"
spurði Ísak.



"Guð mun sjá fyrir
lambinu," svaraði
Abraham.




Pegar þeir komu á staðinn sem
Guð hafði valið þeim, reisti
Abraham þar altari
og lagði viðinn á til
brennifórinnar.




Abraham hafði byggt
mörg altari um dagana,
en þetta mundi
verða erfiðast
af þeim öllum.



Abraham batt son sinn Ísak og lagði hann á altarið. Mundi Abraham nú virkilega hlýðnast Guði og fórna sínum elskaða syni, einkasyni sínum?



Jú!
Hnífurinn
var kominn
á loft. Það
glampaði á
hnífsblaðið.



Hjarta
hans var
sennilega komið
að því að springa,
en Abraham vissi
að hann varð að
hlýðnast Guði.





"Abraham!
Abraham!"
Kallaði engill
Guðs. "Legg
þú ekki
hönd
á son
þinn.



Nú veit
ég að þú
óttast Guð,
því þ synjaðir
mér ekki
fyrir
einkason
þinn."



Þá kom Abraham
auga á sauð í
trjárinna
rétt hjá.



Hann leysti nú
Ísak og fórnaði
sauðnum í stað
hans.



Kannski Ísak hafi
hugsað. "Guðs forsjón
er óskeikul, eins
og faðir hans hafði
sagt."



Á meðan feðgarnir dýrkuðu
Drottinn, kallaði engill
Drottins á Abraham
öðru sinni.



"Vegna hlýðni þinnar mun ég blessa allar þjóðir og öll þín börn." Dag einn, löngu síðar, fæddist JESÚS, einn af afkomendum hans.



Abraham og Ísak héldu nú heim á leið, og nokkru síðar dó Sara.



Abraham hafði nú misst konu sína, og Ísak móður sína.



Að lokinni
jarðarför, sendi
Abraham þjón sinn
í leit að konuefni fyrir Ísak.



Hann fór til
bernskustöðva
Abrahams þar sem
ættfólk hans bjó, ...



... til að
finna konu
handa Ísak.



Þjónninn bað Drottinn að gefa sér merki. "Láttu stúlkuna sem gefur úlföldunum vatn vera hina réttu fyrir Ísak."



Þá kom Rebekka og gaf úlföldunum
vatn að drekka. Hún var af kynstofni
Abrahams. Þá vissi þjónninn að
Drottinn hafði svarað bæn
hans.



Rebekka yfirgaf fjölskyldu sína til að giftast Ísak.



Ísak elskaði Rebekku og huggaðist
af móðurmissinum.



Guð reynir trú og hlýðni Abrahams

Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,

er að finna í

Fyrstu Mósebók 22-24

“Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau.”
Sálmarnir 119:130



Endir



Þessi biblíusaga er um okkar dýrlega Guð,
sem skapaði okkur, og sem vill að þú
þekkir hann.

Guð veit að við höfum öll gert rangt, sem
hann kallar synd. Hegning syndarinnar er
dauði, en Guð elskar þig svo mikið, að hann
sendi sinn eina son, Jesú, til að deyja á
krossi í hegningarskini fyrir syndir þínar.
Svo vaknaði Jesús aftur til lífs, og fór heim
til himnaríkis. Ef þú trúir á Jesú, og biður
hann að fyrirgefa þér syndir þínar, þá
fyrirgefur hann þér tafarlaust, og kemur til
að lifa í þér, og þú með honum til eilíðar.



Ef þú trúir þessu, segðu þá
eftirfarandi til Guðs:

Kæri Jesús, ég trúi að þú sért Guð, sem
komst í líki manns til að deyja fyrir syndir
mínar, og komst svo aftur til lífs. Ég bið þig
að koma nú inní líf mitt og fyrirgefa mér
syndir mínar, svo ég geti byrjað nýtt líf, og
komið svo til að vera með þér í himnaríki.
Hjálpaðu mér að hlýðnast þér, og lifa fyrir
þig sem barn Guðs. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á
hverjum degi!

